

Nd.

570. Frumvarp til laga

[271. mál]

um framhaldsskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til náms á framhaldsskólastigi er tekur við af skyldunámsstigi og allt til háskólastigs, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Framhaldsskólar er samnefni þeirra skóla er undir lög þessi falla. Þeir eru: menntaskólar, fjölbrautaskólar, iðnfræðsluskólar svo og skólar sem veita sérhæft nám á framhaldsskólastigi. Enn fremur framhaldsdeildir við grunnskóla sem menntamálaráðuneytið heimilar. Einstakar skólastofnanir geta borið sérstakt nafn, t.d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki.

Setja skal reglugerð um sérskóla sem starfa samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI

Hlutverk.

2. gr.

Hlutverk framhaldsskóla er eftirfarandi:

- að búa nemendur undir nám í sérskólum og á háskólastigi með því að veita þeim þekkingu og þjálfun í vinnubrögðum,
- að búa nemendur undir störf í atvinnulífinu með sérnámi er veitir starfsréttindi,
- að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi með því að veita þeim almenna menntun og efla með þeim félagsþroska.

III. KAFLI

Stofnun og bygging framhaldsskóla.

3. gr.

Ríki eða sveitarfélög, eitt eða fleiri, geta haft frumkvæði að stofnun nýs framhaldsskóla, sbr. þó ákvæði 38. gr., en skóli verður þó eigi stofnaður nema með samþykki Alþingis.

Standi ríki og sveitarfélag/félög sameiginlega að stofnun framhaldsskóla skal gera samning milli aðila um nýframkvæmdir, stofnbúnað og endurbyggingu húsnæðis sem ríki og sveitarfélög samþykkja að standa að vegna framhaldsskóla. Þar skulu m.a. vera ákvæði um stjórn hönnunar og framkvæmda, hönnun, byggingarhraða og greiðslustreymi. Heimilt er að fela sveitarfélögum sem aðild eiga að framhaldsskóla að fara með undirbúning og umsjón með byggingarframkvæmdum.

Samningar um framkvæmdir skulu undirritaðir af menntamálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum hins vegar. Fjármálaráðherra skal kynna fjárveitinganefnd slíka samninga.

Kostnaður við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% en sveitarsjóður/sjóðir greiða 40% áætlaðs kostnaðar, samkvæmt viðmiðunarreglum (normkostnaðar). Heimilt er ráðuneytinu að semja um aðra kostnaðar- aðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða. Verði greiðslur eigi inntar af hendi samtímis reiknast verðbætur á ógreidd framlög í hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Ákveði Alþingi að stofna skóla án aðildar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðist allur stofnkostnaður úr ríkissjóði.

Um undirbúning framkvæmda og málsmeðferð gilda eftir því sem við á ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað, og reglugerða sem gefnar eru út samkvæmt þeim lögum og þessum lögum.

Þar sem heimavistir verða reistar í tengslum við framhaldsskóla má gerð húsnæðis og búnaðar miðast við að nýta megi aðstöðuna til gistihúsarekstrar utan reglulegs skólatíma. Um umframkostnað sem af því kann að leiða skal samið sérstaklega milli byggingaraðila. Um notkun heimavistarhúsnæðis utan skólatíma skal gerður sérstakur samningur og hann staðfestur af menntamálaráðuneytinu.

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis fyrir framhaldsskóla og láta gera fyrirmyndir að hönnun og verksamningum.

4. gr.

Skólamannvirki þau sem lög þessi taka til skulu vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur eða hefur verið greiddur sé um eldra húsnæði að ræða.

Verði húsnæði framhaldsskóla ráðstafað til annarra nota en framhaldsnáms skulu eignaraðilar gera með sér samkomulag þar um. Verði eign seld öðrum hvorum eignaraðila skal hún metin af dómkvöddum mönnum.

IV. KAFLI

Stjórnun.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til og annast námsskrárgerð, kennslueftirlit og ráðgjöf um þróunarstörf er snerta framhaldsskóla.

Ráðuneytið gerir tillögur um fjárveitingu á fjárlögum til hvers skóla, sbr. 3. og 32. gr. og annast fjárhagslegt eftirlit eftir því sem við á.

6. gr.

Samstarfsnefnd framhaldsskóla skipuð skólameisturum (rektorum) undir forsæti menntamálaráðherra eða staðgengils hans fjallar um sameiginleg málefni framhaldsskóla og samræmir störf þeirra. Samstarfsnefnd skal halda a.m.k. einn fund árlega.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla. Í skólanefndum skulu sitja þrjú til fimm menn. Í reglugerð skal kveðið á um skipan skólanefnda og skal fjöldi nefndarmanna ákvarðast eftir tegundum skóla og fjölda rekstraraðila. Skipunartími skólanefnda skal vera fjögur ár og miðast við kjörtímabil sveitarstjórna.

Menntamálaráðherra skipar formann skólanefndar án tilnefningar en aðrir eru skipaðir samkvæmt tilnefningu sem ákvörðuð er í reglugerð. Tilnefningaraðilar greiða þóknun og annan kostnað vegna starfa þeirra. Skólanefndir við sérskóla sem stofnaðir kunna að verða án þátttöku sveitarfélaga, sbr. 5. mgr. 3. gr., skulu skipaðar af menntamálaráðherra.

Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétti. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

8. gr.

Skólanefnd og skólameistari marka stefnu í skólahaldi og ákveða námsframboð með samþykki menntamálaráðuneytisins.

Skólanefnd undirbýr árlega ásamt skólameistara tillögur til fjárlaga og sendir þær menntamálaráðuneytinu. Í upphafi hvers árs gerir skólanefnd fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og ber ábyrgð á að henni sé framfylgt.

Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfangi svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar og um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur.

Heimilt er skólanefnd að stofna sérstaka sjóði við framhaldsskóla. Skal um þá sett skipulagsskrá, leitað staðfestingar á henni og hún birt í Stjórnartíðindum.

9. gr.

Skólameistari stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerðir, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann sér einnig um framkvæmd þeirra ákvarðana sem skólanefnd tekur.

Skólaráð skal vera skólameistara til aðstoðar við stjórnun skóla og rekstur. Skólameistari er oddviti skólaráðs sem auk hans skal skipað fulltrúum kennara, nemenda svo og aðstoðarskólameistara starfi hann við skólann.

Um skipan skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti skal nánar kveðið á um í reglum sem skólanefnd setur.

10. gr.

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendaráð sem er fulltrúi nemenda í hagsmunamálum þeirra. Nemendaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um markmið náms, námsefni og kennslutilhögun í skóla sínum. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

11. gr.

Um almenna kennarafundi og verksvið þeirra skal ákvarðað í reglum sem skólanefnd setur.

V. KAFLI

Starfslíð.

12. gr.

Um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa fer eftir stærð og gerð skóla og fjárveitingu hverju sinni. Heimilt er að fela ráðgjafar- og sálfræðipjónustu grunnskóla að annast hliðstæða starfsemi fyrir framhaldsskóla.

Menntamálaráðherra setur eða skipar skólameistara (rektor) framhaldsskóla að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefnda. Menntamálaráðherra setur eða skipar fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar og skólameistara viðkomandi skóla. Skólameistari ræður stundakennara og aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd. Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytis hafi kennari ekki kennsluréttindi.

13. gr.

Um skilyrði til þess að vera settur eða skipaður skólameistari eða kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum

grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 48/1986. Setja má í reglugerð ákvæði um menntun annarra starfsmanna.

Menntamálaráðuneytið setur skólameisturum erindisbréf. Reglur um störf annars starfsfólks setur skólanefnd.

14. gr.

Hafi kennari starfað, settur eða skipaður, a.m.k. í fimm ár og óski að fá sérstakt orlof til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann senda skólanefnd og menntamálaráðuneyti beiðni um orlof ásamt greinargerð um hvernig hann hyggst verja orlofstímanum. Ráðuneytið getur veitt honum orlof allt að einu ári á föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlofs nýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar njóti hann ekki sambærilegs styrks frá öðrum. Beiðni um orlof skal hafa borist menntamálaráðuneytinu fyrir 1. nóvember ár hvert.

Að loknu orlofi er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín á orlofstíma. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólameistara og annarra stjórnenda skóla.

15. gr.

Rækja skal heilsuvernd í framhaldsskólum.

Héraðslæknar hafa umsjón með þessari starfsemi undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnar og líta eftir að aðbúnaður og aðstaða nemenda og starfsmanna sé viðhlítandi.

Starfsfólk við heilsuvernd í skólum skal hafa náði samstarf við skólameistara um framkvæmd heilsuverndar í skólanum.

Sé heilsugæslustöð starfandi í nágrenni skóla er heimilt að fela henni að annast heilsuverndina.

VI. KAFLI

Inntökuskilyrði.

16. gr.

Allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla að fullnægðum kröfum um starfsþjálfun þar sem hennar er krafist. Nemendum er skylt að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt ákvæðum í námsskrá hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri.

Nemandi, sem orðinn er 18 ára gamall, getur hafið nám í framhaldsskóla án þess að fullnægja inntökuskilyrðum samkvæmt þessari grein nema að því er varðar starfsþjálfun. Heimilt er að setja lágmarkskröfur til inntöku í tiltekna námsáfanga. Inntaka nemenda í skóla er á ábyrgð skólameistara.

VII. KAFLI

Námsskipan.

17. gr.

Nám í framhaldsskóla skal fara fram á námsbrautum sem skilgreindar eru eftir markmiðum námsins að því er varðar undirbúning til starfa eða áframhaldandi náms. Stefnt skal að því að nemendur eigi vól á námsefni og kennslu í samræmi við þarfir sínar og óskir.

Í námsskrá skal kveða á um markmið náms á hverri námsbraut, námslok svo og um skiptingu námsefnis í brautarkjarna og valgreinar.

Af öllum námsbrautum skulu vera leiðir til frekara náms, annaðhvort beinar eða með skilgreindri viðbót námsáfanga. Jafnframt skulu vera sem greiddastar leiðir milli námsbrauta.

18. gr.

Í framhaldsskóla skal á öllum námsbrautum fara saman nám sem lýtur að almennri menntun og sérhæft nám í samræmi við markmið brautarinnar. Lögð skal áhersla á tengsl verklegra og bóklegra þátta námsins. Auk skyldunámsefnis skal heimilt að gefa nemendum kost á valgreinum að uppfylltum skilyrðum sem sett skulu í námsskrá.

19. gr.

Námsefni framhaldsskóla skal skipað í skilgreinda námsáfanga sem metnir skulu til eininga eftir umfangi námsefnis. Námseining skal skilgreind í námsskrá.

Leitast skal við að hafa námsefni og kennslu hvers áfanga þannig að hann nýtist sem hluti af námi á sem flestum námsbrautum. Þó skal þess gætt að samræmi sé ávallt á milli markmiðs námsbrautar og kennslu námsgreina.

20. gr.

Um námsáfanga, markmið þeirra, megininntak, umfang og skipan á námsbrautir skal ákveðið í námsskrá sem menntamálaráðuneytið setur. Námsáfangar í sama eða sambærilegu námsefni skulu jafngildir á öllum brautum þar sem þeir eru hluti af náminu. Sé verkþjálfun liður í námsáfanga skal hún metin til eininga í námsskrá.

21. gr.

Í námsskrá skal mælt fyrir um námsmat, þar með talið próf og vitnisburðir. Þar skulu tilgreind skilyrði til þess að flytjast milli áfanga og lágmarkskröfur til þess að standast tiltekin lokapróf. Í námsskrá skulu birtar reglur um rétt nemenda til að sjá prófúrlausnir sínar og hvernig nám skal metið þegar nemendur flytjast milli skóla.

22. gr.

Fræðsla skal veitt í löggiltum iðngreinum og öðrum iðnaði samkvæmt nánari ákvæðum í námsskrá. Í reglugerð skal kveða á um hverjar skuli vera löggiltar iðngreinar.

Menntamálaráðherra skipar iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn og skal það vera til ráðuneytis um mótun heildarstefnu og skipulag í iðnfræðslu, löggiltum iðngreinum og verksmiðjuíðnaði. Iðnfræðsluráð skal skipað níu mönnum. Skulu tveir þeirra vera iðnmeistarar, tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, tveir iðnsveinar og einn fulltrúi iðnverkafólks, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands. Félag íslenskra iðnrekenda tilnefnir einn, Samband iðnfræðsluskóla einn og Iðnnemasamband Íslands einn. Menntamálaráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu valdir með sama hætti og aðalmenn. Iðnfræðsluráð veitir umsögn um tillögur að námsskrám í verklegum og bóklegum faggreinum og að stöðlum um búnað og aðstöðu og gerir tillögur um skipulag kennslueftirlits í iðngreinum. Iðnfræðsluráð gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um reglur varðandi framkvæmd námssamninga. Nánar skal kveðið á um hlutverk iðnfræðsluráðs í reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur.

23. gr.

Menntamálaráðherra skipar fræðslunefndir í einstökum iðngreinaflokkum til fjögurra ára í senn. Nefndirnar fjalla um tilhögun fræðslunnar hver á sínu sviði og gera tillögur að námsskrám. Iðnfræðsluráð tilnefnir þrjú fulltrúa í hverja nefnd en ráðherra skipar formann og ritara. Verði því við komið skulu sömu menn gegna þeim störfum í öllum nefndunum til þess að tryggja nauðsynlega samræmingu og hagkvæmni á námsskipan iðn- og tæknibrauta. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

24. gr.

Heimilt er skólanefnd að gera samninga við iðnmeistara, fyrirtæki eða stofnun um að annast tiltekna þætti verklegrar menntunar í samstarfi við framhaldsskóla. Slíkir samningar skulu staðfestir af menntamálaráðuneytinu og hefur ráðuneytið yfirumsjón með framkvæmd þeirra.

Heimilt er iðnmeisturum að taka nemendur til verklegs náms í löggiltum iðngreinum og skal gera um það sérstaka námssamninga. Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur, skal kveðið á um gerð námssamninga, réttindi og skyldur samningsaðila, námslok, próf, útgáfu prófskírteina og starfsréttindi í samræmi við lög um atvinnuréttindi iðnaðarmanna.

Menntamálaráðuneytið getur veitt heimild til þess að umsækjandi gangi undir verklegt próf í iðngrein án skólanáms, enda liggir fyrir:

- a. umsögn viðkomandi iðnaðarmannafélags,
- b. umsögn iðnfræðsluráðs,
- c. umsögn meistara og vottorð um að viðkomandi hafi unnið við iðnina í 10 ár.

Standist umsækjandi prófið öðlast hann sveinsbréf sem veitir ekki réttindi til inngöngu í meistarskóla nema hann ljúki burtfararprófi frá iðnfræðsluskóla í faggreinum iðngreinarinnar.

25. gr.

Skylt er menntamálaráðuneytinu að halda uppi framhaldsnámi fyrir iðnsveina til meistaraþrófs í því skyni að veita þeim aukna þekkingu í starfsgrein sinni, stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Setja skal í námsskrá, sbr. 17., 20. og 21. gr., nánari ákvæði um nám til meistaraþrófs. Um námsgjöld vegna náms samkvæmt þessari grein gilda ákvæði IX. kafla.

26. gr.

Menntamálaráðherra skipar fræðsluráð sjávarútvegs til fjögurra ára í senn og skal það skipað átta mönnum. Ráðið skal skipað með eftirfarandi hætti: Einum fulltrúa sölusamtaka í sjávarútvegi, tilnefndum af Útflutningsráði Íslands, einum fulltrúa útvegsmanna tilnefndum af Landssambandi íslenskra útvegsmanna, einum fulltrúa samtaka sjómanna tilnefndum sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einum fulltrúa fiskvinnslufólks tilnefndum af Verkamannasambandi Íslands, einum fulltrúa rannsóknastofnana í sjávarútvegi tilnefndum sameiginlega af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnuninni, einum fulltrúa fiskeldisstöðva tilnefndum af Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, einum fulltrúa menntamálaráðuneytisins og einum fulltrúa sjávarútvegsráðuneytisins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

Fræðsluráð velur sér formann og varaformann úr hópi ráðsmanna. Fræðsluráð sjávarútvegs mótar í samvinnu við menntamálaráðuneytið heildarstefnu og fræðsluskipulag í sjávarútvegs- og fiskeldisgreinum og veitir umsögn um tillögur að námsbrauta- og áfangalýsingum í verklegum og bóklegum faggreinum tengdum sjávarútvegi.

27. gr.

Til að tryggja sem víðtækust samráð við atvinnulífið er menntamálaráðuneytinu heimilt að skipa sérstakar ráðgjafarnefndir til viðbótar þeim sem nefndar eru í 22. og 26. gr. til að vera ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laga þessara. Kveðið skal á um starfssvið og skipan slíkra nefnda í reglugerð.

28. gr.

Nám sem krafist er til þess að öðlast atvinnuréttindi skal skipulagt í samvinnu við stofnanir og/eða þá sérskóla á framhaldsskólastigi sem starfa samkvæmt sérstökum

reglugerðum. Auk starfsréttinda skal námið veita rétt til frekara náms. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu tilgreind í námsskrá sbr. 17. og 20. gr. Starfi sérstök fræðsluráð tengd atvinnuvegum skulu þau vera umsagnaraðilar um hlutaðeigandi námsbrauta- og áfangalýsingar, sbr. 22. gr. og 26. gr.

29. gr.

Í öllum framhaldsskólum skal vera skólasafn. Hlutverk þess er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.

30. gr.

Á framhaldsskólastigi skal veita fötluðum nemendum kennslu og þjálfun við hæfi og sérstakan stuðning í námi. Í því skyni skal látin í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytisins. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.

31. gr.

Árlegur starfstími framhaldsskóla skal eigi vera skemmri en níu mánuðir. Menntamálaráðuneytið setur árlega nánari reglur um skiptingu starfstíma skóla.

VIII. KAFLI

Rekstur framhaldsskóla.

32. gr.

Ríkissjóður greiðir rekstrarkostnað framhaldsskóla samkvæmt lögum þessum. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérgreinda fjárveitingu á fjárlögum.

Framlög ríkissjóðs til rekstrar framhaldsskóla skulu miðuð við að sem næst jafnhátt framlag komi á hvern nemanda í fullu námi hvar sem er á landinu. Framlagið skal ákveða sem tiltekna upphæð á nemanda árlega sbr. 34. gr.

Til rekstrarkostnaðar skóla telst:

1. Launakostnaður, en til hans teljast laun fyrir alla fasta starfsemi á vegum skólans, svo sem fyrir kennslu, stjórnun og prófdæmingu á lokaprófum, einnig fyrir störf á skrifstofu, á skólasafni, vegna ráðgjafar við nemendur og við umsjón eigna skólans, svo og annar launatengdur kostnaður í samræmi við kjarasamninga á hverjum tíma.
 2. Til annars rekstrarkostnaðar telst allur kostnaður sem leiðir af starfrækslu skólans, viðhaldi húsa og tækja, að frátalinni kostnaðarpáttöku nemenda, sbr. 33. grein.
- Launakostnað skv. 1. tölul. greiðir ríkissjóður beint til starfsmanna, en rekstrarframlag skv. 2. tölul. greiðist fyrir fram til skóla ársfjórðungslega.

Fjárveitingum og greiðslum vegna 1. og 2. tölul. skal að fullu haldið aðgreindum. Eigi má skerða fjárveitingu til 2. tölul. þótt kostnaður vegna 1. tölul. fari fram yfir fjárveitingu, enda sé umfang starfseminnar í samræmi við samþykka áætlun. Skólameistara er með samþykki skólanefndar heimilt að flytja fjárveitingar milli kostnaðarliða skv. 2. tölul. þannig að framlag ríkissjóðs nýtist sem best þörfum skólans.

Í umboði skólanefndar sér skólameistari um rekstur og bókhald. Heimilt er að ráða sérstakan fjármálafulltrúa til þess að annast fjárreiður skóla og bókhald og starfar hann þá undir stjórn skólameistara. Bókhaldi skal hagað í samráði við ríkisbókhald. Rekstraráætlun og reikningsuppgjör skal miða við almanaksár með sama hætti og fjárlög. Endurskoðun er í höndum ríkisendurskoðunar eða löggilts endurskoðanda sem hún felur það starf.

33. gr.

Þar sem talið er nauðsynlegt að reka heimavist vegna framhaldsskóla greiðir ríkissjóður kostnað við umsjón og almennan rekstur. Nemendur bera sjálfir hluta sérgreinds kostnaðar í

heimavistum, rekstri mótuneyta, skipulögðum skólaakstri og efniskaupum vegna verklegrar kennslu o.fl. samkvæmt ákvörðun skólanefndar, sbr. 8. gr., og sérstökum reglum sem menntamálaráðherra setur.

Skólameistari og skólanefnd hafa umsjón með rekstri heimavistar og mótuneytis nemenda.

Hagnaður af leigu skólahúsnæðis skal renna til viðhalds og endurnýjunar húsnæðis og búnaðar.

34. gr.

Við ákvörðun fjárveitinga til almenns rekstrar framhaldsskóla og til launa fyrir önnur störf en kennslu skal miða við ákveðna grunnfjárhæð á hvern nemanda sem stundar fullt nám árlangt.

Við ákvörðun fjárveitinga til kennslu í framhaldsskólum skal miða við grunntöluna 1,7 til 2,0 kennslustundir á viku á hvern nemanda í fullu bóknámi eftir stærð og gerð skóla. Þessu til viðbótar skal koma sá stundafjöldi sem nauðsynlegur er til að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smáa námshópa. Purfi að taka tillit til sérstakra aðstæðna skal veitt sérgreint framlag til að mæta þeirri þörf.

Menntamálaráðherra setur reglur um ákvörðun grunnfjárhæða vegna almenns rekstrar og fráviks vegna sérstöðu einstakra skóla. Enn fremur setur hann ákvæði um hvaða greinar teljast verknám og sérnám og reglur um hvaða álög á meðaltölu skuli miða við í áætlanagerð til fjárlaga vegna kennslulauna.

IX. KAFLI

Fullorðinsfræðsla og endurmenntun.

35. gr.

Heimilt er framhaldsskólum að veita þeim er orðnir eru 18 ára að aldri aðgang að einstökum námsáföngum dagskóla án tillits til þess hvort þeir uppfylla skilyrði til inntöku að öðru leyti. Einnig er framhaldsskólum heimilt að stofna til sérstakra námskeiða, þar á meðal kvöldskóla (öldungadeilda), fyrir fólk sem hentar ekki að sækja reglubundna kennslu í skóla, en æskir að ljúka námi hliðstæðu því sem í boði er á námsbrautum hans. Fyrir slíka kennslu skulu nemendur greiða kennslugjald sem svarar til sem næst þriðjungs kennslulauna. Nánari ákvæði um þessa starfsemi skulu sett í reglugerð.

36. gr.

Heimilt er framhaldsskólum að bjóða fram annars konar nám en 35. gr. tekur til og efna til endurmenntunarnáms, m.a. í samráði við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa.

Námshjöld miðast við að nemendur greiði a.m.k. þriðjung kennslulauna. Í slíku námi er kostnaðaraðild ríkissjóðs háð samþykki menntamálaráðuneytis.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

37. gr.

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að reka áfram það fræðslustarf sem þeir hafa annast og til þess að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur.

Um fjárveitingu úr ríkissjóði gilda sömu ákvæði og um aðra framhaldsskóla varðandi rekstrar- og stofnkostnað, sbr. 3. og 32. gr., enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt áætlun um rekstur skólanna og fé verið veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði. Framlög ríkisins

samkvæmt þessari grein miðast við að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu þessara laga og samkvæmt námsskrám og reglugerðum sem settar verða.

Verði skólar þessir lagðir niður eða húsnæði þeirra eigi nýtt til kennslu eða heimavistar fær ríkissjóður eignarráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ríki ágreiningur um eignaskiptingu skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptingu og er úrskurður þeirra endanlegur.

Skólanefndir skulu starfa við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Skal einn skólanefndarmaður tilnefndur af menntamálaráðherra en eignaraðilar skipa hina. Hafa þær með höndum fjárreiður skólanna og eignaumsýslu í umboði eigenda. Skólanefndir ráða skólameistara svo og kennara í samráði við hann. Nefndin kys sér sjálf formann og varaformann.

38. gr.

Alþingi ákveður framlag ríkissjóðs til skóla á framhaldsskólastigi, sem stofnaðir eru af einkaaðilum eða samtökum með hliðstæðum hætti og nú er um Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólann, enda uppfylli þessir skólar sams konar skilyrði um námsframboð og kennsluskipan.

39. gr.

Heimilt er að lána skólahúsnæði til félagsstarfsemi utan reglulegs skólatíma, enda greiðist fyrir leiga sem nemur a.m.k. kostnaði fyrir rafmagn, hita, ræstingu og vörslu. Skólanefnd setur almennar reglur um slíka ráðstöfun skólahúsnæðis.

40. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

XI. KAFLI

Lög sem úr gildi falla og gildistökuákvæði.

41. gr.

Eftirtalin lög falla úr gildi við gildistöku laga þessara. Alþingi ákveður með þingsályktun hvaða sérskólar skuli starfa áfram sem sjálfstæðar stofnanir.

1. Lög nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu.
2. Lög nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.
3. Lög nr. 35/1962, um Hjúkrunarskóla Íslands.
4. Lög nr. 68/1966, nr. 18/1971 og nr. 68/1972, um iðnfræðslu.
5. Lög nr. 12/1970 og 81/1984, um menntaskóla.
6. Lög nr. 6/1971 og nr. 109/1974, um Hótel- og veitingaskóla Íslands.
7. Lög nr. 81/1972, um hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann.
8. Lög nr. 1/1973 um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum.
9. Lög nr. 14/1973, nr. 21/1977, nr. 40/1980 og nr. 85/1984, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.
10. Lög nr. 16/1975, um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.
11. Lög nr. 33/1975, um Sjóvinnuskóla Íslands.
12. Lög nr. 53/1975, um hússtjórnarskóla.
13. Lög nr. 51/1976, um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

42. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma að fullu til framkvæmda í upphafi skólaársins 1988–89.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var upphaflega samið af nefnd sem Sverrir Hermannsson menntamálaráðherra skipaði 8. desember 1985. Í nefndinni sátu eftirtaldir: Birgir Ísleifur Gunnarsson alþingismaður, formaður, Magnús Pétursson hagsýslusjóri, tilnefndur af fjármálaráðherra, Björn L. Halldórsson lögfræðingur, tilnefndur af borgarstjóra, Björn Friðfinnsson framkvæmdastjóri og Ingimundur Sigurpálsson bæjarstjóri, tilnefndir af Sambandi ísl. sveitarfélaga, Jón Bóðvarsson fyrrv. skólameistari og Jón R. Hjálmarsson fræðslustjóri, skipaðir af menntamálaráðherra án tilnefningar.

Upphaflega var Eyjólfur Konráð Jónsson alþingismaður skipaður formaður nefndarinnar, en hann óskaði eftir að verða leystur frá því starfi og var Birgir Ísleifur Gunnarsson þá tilnefndur formaður 13. maí 1986. Með nefndinni starfaði Stefán Ólafur Jónsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu.

Í skipunarbréfi menntamálaráðherra segir: „Þess er óskað að nefndin semji, m.a. sem einn þátt frumvarpsins, reglur um fjármál framhaldsskóla og skiptingu kostnaðar við stofn og rekstur skólanna er séu eins skýrar og einfaldar og unnt er. Til álita kemur að allur kostnaður við framhaldsskóla greiðist af ríkisvaldinu, en á móti kæmi hugsanlega að allur kostnaður við grunnskóla greiðist af sveitarfélögum, enda yrði þá að sjá sveitarfélögum fyrir tekjustofnum til að mæta þeim viðbótarkostnaði sem af slíku fyrirkomulagi kynni að leiða.“ Með tilvísun til þessa tók nefndin það sem sitt fyrsta verkefni að semja reglur um stofn- og rekstrurskostnað framhaldsskóla. Eftir því er á leið nefndarstarfið varð nefndin sammála um að óheppilegt væri að semja sérstakt frumvarp um fjármál framhaldsskóla. Eðlilegra væri að fella ákvæði um fjármálin inn í heildarfrumvarp um framhaldsskóla og var það gert.

Menntamálaráðuneytið sendi eftirtöldum aðilum frumvarpið til umsagnar. Auk þess fengu nokkir aðilar aðrir frumvarpið til umsagnar síðar: Bandalagi kennarafélaga, Skólameistarafélagi Íslands, rektorum, skólameisturum og skólastjórum allra skóla á framhaldsskólastigi, rektor Háskóla Íslands, rektor Kennaraháskóla Íslands, rektor Tækniskóla Íslands, iðnfræðsluráði, iðnfræðslulaganefnd, samstarfshópi um sjávarútvegsskóla, grunnskólanefnd og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Alls bárust 36 umsagnir. Umsagnirnar hafa verið yfirfarnar í menntamálaráðuneytinu og frumvarpinu breytt nokkuð til samræmis við það sem fram kom í umsögnunum.

Helstu einkenni frumvarpsins eru:

1. Frumvarpið felur í sér rammalöggjöf sem tekur til alls náms á framhaldsskólastigi og undirbýr nemendur undir nám í sérskólum, háskólum og störf í atvinnulífinu.
2. Nám á framhaldsskólastigi er skipulagt í námsáföngum og skal hver áfangi skilgreindur og metinn til eininga í námsskrá sem menntamálaráðuneytið setur. Framhaldsskólum er skylt að fylgja í meginatriðum ákvæðum námsskrárinnar hvort heldur kennt er samkvæmt áfangakerfi eða bekkjakerfi.
3. Með frumvarpinu er stefnt að greinilegri verkaskiptingu en nú er milli menntamálaráðuneytisins, skólayfirvalda og starfsmanna skólanna. Það nýmæli er í frumvarpinu að gert er ráð fyrir að skólanefnd starfi við hvern skóla. Hlutverk ráðuneytis verði að vinna að heildarstefnumótun, kennslueftirliti og gerð tillagna um fjárveitingar til hvers skóla, en framkvæmd skólastarfs innan ramma námsskrár og fjárveitinga sé í höndum skólanefnda og skólastjórnenda.
4. Stofnkostnaður framhaldsskóla greiðist sameiginlega af ríki og viðkomandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum þannig að ríkið greiðir 60% en sveitarfélag/sveitarfélög 40%. Þó er menntamálaráðuneytinu veitt heimild til þess að semja um hærri kostnaðaraðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða.
5. Ríkið greiði rekstrarkostnað framhaldsskólanna.

6. Tryggt er samstarf við atvinnulífið í iðnnámi með iðnfræðsluráði og í sjávarútvegsgreinum með fræðsluráði sjávarútvegsins, sem verða til ráðuneytis um skipulag námsins og kennslueftirlit.
7. Hlutdeild sveitarfélaga og heimamanna að stjórnun skólanna verður í formi aðildar að skólanefndum sem starfa við hvern framhaldsskóla. Þær skulu skipaðar þremur til fimm fulltrúum eftir skólategund og fjölda rekstraraðila. Skólanefndir ákveða skipulag náms og námsframboð ásamt skólameistara. Skólanefnd gerir fjárhagsáætlun í samræmi við fjárlög og ber ábyrgð á að henni sé framfylgt.
8. Skólameistari stjórnar daglegum rekstri skóla og er jafnframt framkvæmdastjóri skólanefndar.
9. Hver skóli verði sjálfstæð rekstrareining. Ríkissjóður greiði laun fyrir kennslu, stjórnun og prófdæmingu beint. Annan rekstrarkostnað greiði ríkissjóður til skóla ársfjórðungslega fyrir fram. Sú meginregla gildi að sama framlag komi á hvern nemanda hvar sem er á landinu með heimild til sérgreinds framlags ef sérstakar aðstæður ríkja.
10. Þar sem nauðsynlegt er að reka heimavist greiði ríkissjóður kostnað við umsjón, tækja- og rekstrarbúnað húsnæðis. Sérstakan rekstrarkostnað heimavistar og mótuneytis greiði nemendur.
11. Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands starfi áfram á sama grundvelli og áður og opnuð er heimild fyrir menntamálaráðherra að samþykkja kostnaðarþátttöku við einkaskóla á framhaldsskólastigi.
12. Framhaldsskólum verði heimilt að annast menntun fullorðinna á þeim námsbrautum er skólinn starfrækir, svo og að stofna til sérstakra námskeiða (öldungadeilda). Skulu nemendur greiða sem næst þriðjungi kennslulauna. Einnig verði framhaldsskólum heimilt að efna til eftirmenntunarnáms.

Eins og fram kemur í því sem að framan greinir er í frumvarpi þessu leitast við að veita hverjum framhaldsskóla nokkurt sjálfstæði til ákvörðunar um innihald og þróun náms, svo og nokkurt fjárhagslegt sjálfstæði. Þar með er skólunum veitt aðstaða til þess að taka tillit til staðháttanna og þarfa atvinnulífs á hverjum stað. Það er skoðun nefndarinnar að slíkt sé nauðsynlegt ef tryggja á að framhaldsskólamenntun geti þróast í samræmi við hinar fjölbreytilegu kröfur tímans. Hér verður ekki rakið nánar efni frumvarpsins en í skýringum við einstakar greinar hér á eftir er nánar rökstutt hvað býr að baki þeim tillögum sem þar eru settar fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gildissvið laganna er skilgreint í grein þessari og ráðgert að lög þessi taki til náms á framhaldsskólastigi er tekur við af skyldunámsstigi og allt til háskólastigs sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Í greininni eru taldar þær tegundir skóla sem löginn taka til, þar á meðal framhaldsdeildir við grunnskóla, en þær hafa verið starfræktar samkvæmt ákvæðum eldri laga sem nú hafa verið felld úr gildi. Allmargir framhaldsskólar sem undir lög þessi falla eiga langa sögu og eru ríkir af hefðum. Það skal tekið fram að þrátt fyrir ein framhaldsskólalög er gert ráð fyrir að einstakar skólastofnanir beri áfram sérstakt nafn, t.d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki.

Gert er ráð fyrir að á framhaldsskólastigi starfi áfram sérskólar sem ekki telst hagkvæmt að fella inn í námsbrautir annarra framhaldsskóla. Slíkir skólar yrðu með sérgreindu námi sem aðeins yrði stundað á einum stað á landinu eða mjög fáum.

Kveðið er á um að setja skuli reglugerð um sérskóla sem starfa samkvæmt lögum þessum.

Um 2. gr.

Hér er leitast við að tjá í sem fæstum orðum meginmarkmið framhaldsskóla og er bent á að það er spurnið af nokkrum þáttum sem eiga helst að vera svo samvinnuáðir að tæpast verði milli þeirra greint. Skólanum ber að búa nemendur undir störf í samfélaginu og stuðla jafnframt að hamingju og lífsheill einstaklingsins.

Um 3. gr.

Hér er ákveðin sú stofnkostnaðarskipting við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla að ríkissjóður greiði 60% en sveitarsjóður/sveitarsjóðir greiði 40% áætlaðs kostnaðar, með þeirri undantekningu að þegar um er að ræða stofnbúnað verknámsbrauta er ráðuneytinu heimilt að semja um hærri kostnaðaraðild ríkissjóðs. Með þessu er reynt að stuðla að því að verknámsaðstöðu verði komið upp eigi síður en bóknámsaðstöðu, en hún er mun dýrari og þjónar slík námsaðstaða oft stórum landshlutum og jafnvel öllu landinu.

Gert er ráð fyrir að eitt eða fleiri sveitarfélög geti átt aðild að framhaldsskóla á mótí ríkinu. Samþykki Alþingis þarf til þess að stofnaður verði nýr framhaldsskóli og samþykki sveitarstjórnar verður einnig til að koma þannig að hún gerist aðili að stofnun skóla. Áskilið er að gera skuli samning milli ríkis og sveitarfélags/sveitarfélaga um byggingarframkvæmdir vegna framhaldsskóla. Sú staða kann að koma upp varðandi einstaka sérskóla, t.d. skóla með það sérhæft nám að aðeins einn slíkur er til á landinu, að sveitarfélög fái ekki til þess að verða aðilar að slíkum skóla. Þess vegna er gert ráð fyrir því í lögunum að unnt sé að stofna sérskóla án aðildar sveitarfélaga og greiðist þá allur kostnaður úr ríkissjóði.

Sem fyrr segir skal gera samning milli ríkis og sveitarfélaga um nýframkvæmdir og endurbætur húsnæðis vegna framhaldsskóla. Þar skulu m.a. vera ákvæði um stjórn hönnunar og framkvæmda, hönnun, byggingarhraða og greiðslustreymi. Heimilt er að fela sveitarfélögum sem aðild eiga að framhaldsskóla að fara með undirbúning og umsjón með byggingarframkvæmdum eins og tíðkast hefur hingað til hafi þau til þess burði.

Bent skal á að í greininni er heimilað að heimavistir skóla verði nýttar til gísthúsa- rekstrar utan skólatíma og við hönnun og byggingu húsnæðisins verði tekið tillit til þess.

Menntamálaráðuneytið setur viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis fyrir framhaldsskóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Um 4. gr.

Varðandi þessa grein er rétt að taka fram að gert er ráð fyrir því að skólamannvirki, sem eru í notkun við gildistöku þessara laga, skuli vera eign ríkis og/eða sveitarfélaga í sömu hlutföllum og þessir aðilar hafa greitt stofnkostnað mannvirkja. Allt nýtt húsnæði, sem byggt er, verður í sameign með sama eignarhluta og framlög byggingaraðila eru. Hið sama gildir um viðbyggingar við eldra húsnæði og meiri háttar endurbætur og breytingar.

Um 5. gr.

Í þessari grein er því slegið föstu að menntamálaráðuneytið fari með yfirstjórn mála sem lög þessi taka til og hafi með höndum námsskrágerð, kennslueftirlit og ráðgjöf um þróunarstörf í skólum. Enn fremur er staðfest það hlutverk menntamálaráðuneytis að gera tillögur um fjárveitingu á fjárlögum til hvers skóla, bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað.

Um 6. gr.

Rétt þykir að lögfesta ákvæði um samstarfsnefnd framhaldsskóla, en slíkt samstarf er þegar fyrir hendi.

Um 7. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því að skólanefnd sé við hvern framhaldsskóla og er það nýmæli. Gert er ráð fyrir að þrjár til fimm fulltrúar sitji í skólanefnd og ræðst fjöldi þeirra af fjölda rekstraradila og gerð skóla. Menntamálaráðherra skipar formann en um tilnefningu hinna skal ákveðið í reglugerð. Þegar um er að ræða skóla sem annast starfsmenntun fyrir atvinnulíf er æskilegt að fulltrúi viðkomandi starfsgreinar eigi sæti í skólanefnd. Með þessu fyrirkomulagi er leitast við að tryggja samstarf ríkis, heimamanna og fulltrúa atvinnulífsins um stjórnun hvers framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi án tilnefningar alla skólanefndarmenn við sérskóla sem stofnaðir kunna að vera án þátttöku sveitarfélaga.

Um 8. gr.

Í þessari grein er fjallað um verkefni skólanefnda. Hlutverk skólanefndanna snertir bæði fjárhagslegan rekstur skólans og námsframboð.

Í 3. mgr. er skólanefnd veitt heimild til að ákveða upphæð ýmissa gjalda sem nemendur greiða svo og meðferð þeirra. Gjöld af þessu tagi eru nú þegar innheimt við flesta skóla og teljast hluti af fjárreiðum skólanna. Hér er því ekki um að ræða neina megin breytingu frá ríkjandi ástandi, en rétt þykir að festa í lög ákvæði um gjöld þessi.

Við ýmsa skóla hafa verið stofnaðir sérstakir sjóðir í ákveðnum tilgangi og kann það að vera nokkuð mismunandi eftir skólum. Því þykir í 4. mgr. þessarar greinar rétt að setja ákvæði um sjóði þessa til að tryggja örugga meðferð þeirra.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er fjallað um starfssvið skólameistara (rektors), en í 2. og 3. mgr. um skólaráð sem vera skuli skólameistara til aðstoðar við stjórnun skóla og rekstur. Ráðgert er að í skólaráði sitji auk skólameistara fulltrúar kennara og nemenda svo og aðstoðarskólameistari, starfi hann við skólann.

Skólaráði er ætlað að vera lýðræðislegur vettvangur umfjöllunar um málefni hvers skóla.

Skólanefnd setur reglur um skipan skólaráðs, verkswið þess, starfstíma og starfshætti.

Um 10. gr.

Í þessari grein er fjallað um nemendaráð er starfi við hvern framhaldsskóla og sé það m.a. fulltrúi nemenda í hagsmunamálum þeirra. Kveðið er á um að nemendaráð hafi tillögu- og umsagnarrétt um markmið náms, námsefni og kennslutilhögun í skóla sínum. Samtök nemendanna sjálfra skulu setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir því að skólanefnd setji reglur um almenna kennarafundi og verkswið þeirra.

Um 12. gr.

Í þessari grein er ákveðið að um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa milli þeirra fari eftir stærð og gerð skóla og fjárveitingu hverju sinni. Að öðru leyti fjallar greinin um hverjir ráða skuli hina einstöku starfsmenn. Menntamálaráðherra setur eða skipar skólameistara (rektor) framhaldsskóla að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefnda. Menntamálaráðherra setur eða skipar fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar og skólameistara, en skólameistari ræður stundakennara og aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Þessi grein fjallar um sérstakt orlof kennara sem ákvæði hafa verið um í ýmsum lögum um framhaldsskóla. Sú breyting er hér lögð til að heimilt sé að veita kennara orlof sem starfað hefur í fimm ár, ef hann óskar eftir því til að efla þekkingu sína, í stað tíu ára starfs eins og áður var.

Um 15. gr.

Ákvæðum þessarar greinar er ætlað að tryggja nauðsynlega heilsuvernd í framhaldsskólum. Skulu héraðslæknar og heilsuverndarstöðvar annast þessa þjónustu í samráði við skólameistara.

Þessi ákvæði eru í samræmi við lög nr. 61/1957, um heilsuvernd í skólum.

Um 16. gr.

Í þessari grein er fjallað um inntökuskilyrði í framhaldsskóla. Kveðið er á um að allir þeir sem lokið hafa grunnskólanám eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun eigi rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Þá er kveðið á um að nemendum sé skylt að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt ákvæðum í námsskrá hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri. Enn fremur er kveðið á um að heimilt sé að setja lágmarkskröfur í einstökum greinum til inntöku í tiltekna námsáfanga. Í greininni er kveðið á um að nemendur sem orðnir eru átján ára og eldri geti hafið nám í framhaldsskóla án þess að fullnægja framangreindum ákvæðum, nema að því er starfsþjálfun varðar.

Um 17. og 18. gr.

Í þessum greinum eru markaðir megindrættir í námsskipan framhaldsskóla. Allt nám skal fara fram innan tiltekinna námsbrauta sem stefna að skilgreindu marki. Skal miðað við undirbúning til starfa eða til áframhaldandi náms, ellegar hvort tveggja. Til grundvallar liggur skipting námsefnisins í námsáfanga, en áföngum er skipað á námsbrautir, sbr. 18. og 19. gr. Ekki þykir eðlilegt að binda í lögum hvaða námsbrautir skuli starfræktar. Það er ljóst að upptalning námsbrauta í lögum getur ekki verið tæmandi nema stutt skeið í senn og þyrfti þá lagabreytingu í hvert skipti til þess að stofna nýja námsbraut. Með setningu fjárlaga gefst Alþingi jafnan kostur á að hafa úrslitaáhrif á námsframboð.

Fjölbreytni í námsframboði og mismunandi lengd námsbrauta eru mikilvæg atriði bæði vegna mismunandi áforma nemenda um framhaldsskólanám og til að auðvelda „áfanga-menntun“ í þeirri merkingu að fólk eigi þess kost að bæta við sig námi eftir tímabil í starfi. Í ýmsum starfsgreinum hagar og þannig til að kröfur um undirbúning eru mismunandi til starfa innan sömu greinar. Miklu skiptir að markmið hvernar námsbrautar liggi ljós fyrir, þ.e. hvaða hæfniskröfur sé miðað við að nemendur fullnægi.

Í síðustu málsgreininni er vikið að tveimur undirstöðuatriðum, sem skipulagning náms á framhaldsskólastigi beinist að, þ.e. að tryggja að engin námsbraut verði blindgata og að auðvelda samgang milli brauta. Þessi markmið eru hvort öðru tengd. Vert er að leggja áherslu á að ekki er kveðið á um að sérhver námsbraut leiði beint inn í háskóla, heldur að liggja skuli fyrir hvernig áfram verði komist jafnframt því að fyrra nám nýtist.

Með samhæfingu bóklegs og verklegs náms er átt við hvort tveggja: að námið sé eftir föngum slungið báðum þessum þáttum og að þeir fái stuðning hvor af öðrum í kennslunni. Svigrúm frjálsra valgreina verður trúlega misjafnt eftir námsbrautum en mikilvægt er að það sé ætíð nokkurt. Þykir eðlilegt að kveða nánar á um námsbrautir í námsskrá.

Um 19. gr.

Hér er kveðið á um að nám á framhaldsskólastigi skuli skipulagt í námsáföngum og skal hver áfangi skilgreindur og metinn til eininga eftir umfangi námsefnis. Öllum framhalds-

skólum er skylt að fylgja slíkum ákvæðum en þrátt fyrir skiptingu námsefnis í áfanga geta skólar, sem þess óska, haldið bekkjakerfi og starfað áfram með líkum hætti og þeir gera nú.

Gert er ráð fyrir að námseining verði skilgreind í námsskrá. Námseining er nú skilgreind sem 2 kennslustundir á viku í eina önn, en þessi skilgreining er gölluð og þarfnast því endurskoðunar. Þess vegna er ekki talið rétt að binda skilgreiningu námseiningar í lögum.

Um 20. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að í námsskrá sem menntamálaráðuneytið setur skuli ákveðið um námsáfanga, markmið þeirra, megininntak, umfang og skipan á námsbrautir. Þótt ekki sé það berum orðum tekið fram í frumvarpinu er reiknað með að við setningu námsskrár muni menntamálaráðuneytið, eins og verið hefur, hafa samráð við skólastjórnendur, iðnfræðsluráð, fræðsluráð sjávarútvegsins, faggreinafélög og fleiri aðila sem láta sig nám á sínu sviði varða.

Um 21. gr.

Hér er mælt fyrir um að í námsskrá skuli sett ákvæði um námsmat, m.a. próf og vitnisburði. Fyrri hugmyndir hafa gengið út á að ákvæði um þessi atriði yrðu sett í reglugerð. Þá er hér og sú nýjung að fyrir er mælt að nemendur skuli hafa rétt til þess að sjá prófurlausnir sínar.

Um 22. gr.

Í 22.–25. gr. er fjallað um iðnnám. Við samningu þeirra var byggt á einróma tillögum sérstakrar nefndar sem menntamálaráðherra skipaði til að gera tillögur um skipan iðnnáms. Í þessari grein er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn og skal það vera til ráðuneytis um heildarmótun og skipulag í iðnfræðslu, löggiltum iðngreinum og verksmiðjuíðnaði.

Sú breyting er gerð á stöðu iðnfræðsluráðs frá fyrri lögum að nú er það ráðgjafandi í stað þess að það hafði áður umsjón með framkvæmd iðnfræðslunnar. Þau verkefni, sem iðnfræðsluráð hafði áður, færast til ráðuneytis, skólanefnda og skólanna. Eigi að síður er tryggt að þeir sem starfa í iðnaði, bæði atvinnurekendur og launþegar, hafi áhrif á stefnumörkun í iðnfræðslu. Þar sem hluti af iðnfræðslu fer fram úti í atvinnulífinu eru þessi tengsl mikilvæg. Gert er ráð fyrir að kveðið verði á um verk svið iðnfræðsluráðs í reglugerð.

Um 23. gr.

Í greininni er kveðið á um að ráðuneytið skipi fræðslunefndir í einstökum iðngreinaflokkum til fjögurra ára í senn. Hér er um verulega breytingu að ræða frá fyrri skipan þegar skipaðar voru fræðslunefndir fyrir hverja iðngrein. Þessi breyting er gerð til að tryggja nauðsynlega samræmingu og hagkvæmni á námsskipan iðn- og tæknibrauta.

Um 24. gr.

Þessi grein kveður á um að heimilt er áfram að gera námssamning milli iðnmeistara og iðnnema.

Þá er veitt lagaleg heimild til að skólanefnd geti gert samning við iðnmeistara, fyrirtæki eða stofnun um að annast tiltekna þætti verklegrar menntunar í samstarfi við framhaldsskóla. Í reglugerð skal svo kveðið á um m.a. gerð námssamninga, próf og starfsréttindi.

Heimilað er áfram að ganga undir verklegt sveinspróf í iðngrein án skólanáms, ef ákveðnum skilyrðum er fullnægt. Með þessu ákvæði er verið að tryggja mönnum sem lengi hafa starfað í iðngrein rétt til að þreyta sveinspróf sem veitir takmarkaðan rétt til að starfa í iðngrein.

Um 25. gr.

Í þessari grein er það nýmæli að ráðuneytinu er gert skylt að halda uppi framhaldsnámi fyrir iðnsveina til meistaraþrófs. Auknar kröfur eru gerðar til þeirra sem fá verktakaheimild og af þeim sökum þótti rétt að setja þetta ákvæði í lög. Nánari ákvæði skal svo setja í námsskrá fyrir meistaraþróf.

Um 26. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi sérstakt fræðsluráð sjávarútvegs og skuli það skipað fulltrúum ýmissa aðila sem tengjast sjávarútvegi og fiskvinnslu. Greinin er í samræmi við tillögur, sem nefnd á vegum menntamálaráðherra og sjávarútvegsráðherra um skipulag fræðslumála sjávarútvegs, lagði fram. Með þessu fyrirkomulagi er reynt að tryggja samstarf skóla og atvinnulífs á þessu sviði á sama hátt og leitast er við að gera í iðnnámi.

Um 27. gr.

Hér er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið geti skipað ráðgjafarnefndir til að vera ráðuneytinu til aðstoðar við mótun heildarstefnu á öðrum sviðum en í iðnaði og sjávarútvegi. Hér er um að ræða nefndir hliðstæðar iðnfræðsluráði og fræðsluráði sjávarútvegsins.

Um 28. gr.

Ýmis lagaákvæði gera ráð fyrir því að ákveðið nám sé skilyrði fyrir atvinnuréttindum. Í þessari grein segir að slíkt nám skuli skipulagt í samvinnu við stofnanir eða við sérskóla á framhaldsskólastigi sem starfa samkvæmt sérstökum reglugerðum. Dæmi um slíkt nám er t.d. nám á ýmsum sviðum heilbrigðismála. Þarna er og ítrekuð sú meginstefna sem kemur víðar fram í frumvarpinu að auk starfsréttinda skuli nám á framhaldsskólastigi veita rétt til frekara náms.

Um 29. gr.

Í greininni er kveðið á um að í hverjum skóla skuli vera skólasafn. Hlutverk skólasafna er að vera upplýsingamiðstöð fyrir kennara og nemendur og virkur þáttur í fræðslustarfi skólans. Nú á dögum er brýnt að einstaklingurinn sé sjálfur fær um að afla sér nauðsynlegrar þekkingar og því er æ meiri áhersla lögð á að gera nemendur sjálfstæða við öflun upplýsinga og notkun heimilda. Þessi sjálfstæðu vinnubrögð krefjast vel búinna skólasafna, þ.e. fjölbreytts safnkosts, menntaðs starfsliðs og góðrar vinnuáðstöðu.

Um 30. gr.

Með ákvæðum greinarinnar er stefnt að því að tryggja fötluðum og þroskaheftum ungmennum námsmöguleika á framhaldsskólastigi, hliðstætt því sem lög mæla fyrir um á grunnskólastigi. Tilhögun starfseminnar getur orðið með ýmsum hætti eftir aðstæðum. Vætanlega þætti þó æskilegt að hún færi fram innan vébanda framhaldsskólanna sjálfra eða í tengslum við þá eftir því sem framast yrði við komið, en undir umsjón og með stuðningi sérhæfðra stofnana. Vísir að starfsemi af þessu tagi er þegar fyrir hendi, m.a. á vegum Heyrnleysingjaskólans, sbr. og lög nr. 70/1978, og þeirra aðila sem annast kennslu blindra.

Um 31. gr.

Hér er kveðið á um að starfstími framhaldsskóla verði eigi skemmri en níu mánuðir. Eins og nú er háttað er starfstíminn bundinn við ákveðinn vikufjölda. Þá er gert ráð fyrir að Menntamálaráðuneytið gefi út árlega reglur um nánari skiptingu starfstíma.

Um 32. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er því slegið föstu að ríkissjóður greiði allan rekstrarkostnað framhaldsskóla og hver skóli skuli vera sjálfstæð rekstrareining og hafa sérgreinda fjárveitingu á fjárlögum. Til þessa hefur það verið nokkuð mismunandi hvernig rekstrarkostnaður skóla hefur verið greiddur. Ýmist hefur ríkissjóður einn staðið straum af rekstrarkostnaði framhaldsskóla eða samvinna hefur verið milli ríkis og sveitarfélaga um reksturinn. Hér er gert ráð fyrir þeirri breytingu að ríkissjóður einn skuli greiða rekstrarkostnað framhaldsskóla.

Þá er í þessari grein það nýmæli að annar rekstrarkostnaður en launakostnaður skuli greiddur til skóla ársfjórðungslega fyrirfram. Með þessu fyrirkomulagi er leitast við að auka fjárhagslegt sjálfstæði framhaldsskólanna og veita jafnframt stjórnendum þeirra svigrúm til sjálfstæðra ákvarðana varðandi annan rekstrarkostnað en launakostnað. Á það að vera hvatning til meira aðhalds en jafnframt að auka sjálfstæðiskennd skólastjórnaða.

Ákvæði um að greiðslum vegna launa og rekstrar verði haldið aðgreindum er ætlað að tryggja það að rekstrarfé skerðist ekki þótt launakostnaður verði meiri en ráð var gert fyrir.

Þá er og heimilað að ráða til framhaldsskóla sérstakan fjármálafulltrúa til að annast fjárreiður skóla. Ákvæði um slíkan starfsmann hafa ekki áður verið í lögum þó að fjármálafulltrúar hafi starfað við nokkra skóla. Gert er ráð fyrir því að starf fjármálafulltrúa geti verið hlutastarf þótt ekki sé það berum orðum sagt í frumvarpsgreininni.

Um 33. gr.

Greinin fjallar einkum um rekstur heimavista og er við það miðað að allar meginreglur þar um verði óbreyttar. Sums staðar hafa nemendur greitt lítils háttar gjöld í heimavistarsjóð til þess að standa undir kostnaði við þjónustu sem þeir hafa sjálfir gengist fyrir og/eða tekið nokkra ábyrgð á skemmdum. Um þetta hafa engar sérstakar reglur gilt. Um aksturskostnað, þar sem um skipulagðan akstur hefur verið að ræða, hefur gilt sú framkvæmdaregla að nemendur hafa sjálfir greitt ígildi strætisvagnafargjalda á Reykjavíkursvæðinu, en viðbótarkostnaður hefur skipst að jöfnu milli ríkis og sveitarfélaga. Hvað varðar mötuneyti framhaldsskóla, þá hafa nemendur sjálfir greitt launa- og hráefniskostnað en rekstraraðilar skóla lagt til aðstöðu og orku. Ástæða þótti til að tengja ofantalin gjöld öðrum kostnaði sem nemendum er gert að greiða, sbr. 8. gr., og er ráð fyrir því gert að í reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur samkvæmt lögum þessum verði sett ítarleg ákvæði um kostnaðarþátttöku nemenda í rekstri framhaldsskóla.

Um 34. gr.

Með þessari grein er leitast við að setja almennar viðmiðunarreglur um ákvörðun fjárveitinga til kennslu í framhaldsskólum. Vegna mismunandi eðlis náms er erfitt að setja fastar viðmiðunarreglur, en hér er miðað við grunntöluna 1,7–2,0 kennslustundir á viku á hvern nemanda í fullu bóknámi og fer eftir stærð og gerð skóla hvaða viðmiðunartala skal notuð innan þess ramma. Þessu til viðbótar skal koma stundafjöldi sem nauðsynlegur er til þess að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smærri námshópa.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um, hvaða greinar skuli teljast verknám og sérnám, hvernig skuli ákvarða grunnfjárhæðir vegna kennslu og annarrar launavinnu og hvernig skuli ákvarða grunnframlag vegna almenns rekstrarkostnaðar.

Um 35. gr.

Á síðari árum hefur eftirspurn og þörf fullorðinna aukist fyrir margvíslegu námi. Með ákvæðum þessarar greinar er reynt að mæta þessari vaxandi þörf með því móti að nýta skólana betur til að sinna henni en áður hefur verið. Gert er ráð fyrir að nemendur, sem orðnir eru 18 ára eða eldri, geti stundað nám í einstökum áföngum án þess að vera reglulegir nemendur skólanna. Þá er gert ráð fyrir að „öldungadeildir“ starfi áfram og heimild er veitt til þess að skólar stofni til sérstakra námskeiða sem gætu nýst fólki í starfi.

Um 36. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru nýmæli. Ráðgert er að framhaldsskólar geti efnt til endurmenntunarnáms í samráði við faggreinafélög, stéttarfélög og atvinnurekendur og er það þáttur í viðleitni þessa frumvarps til að treysta tengsl atvinnulífs og skóla.

Um 37. gr.

Í þessari grein er staðfest að Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafi rétt til þess að reka áfram það fræðslustarf sem þeir hafa annast og til að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur. Gert er ráð fyrir því að staða þessara skóla verði sem líkust því sem hún er í dag. Í þessari grein eru tekin upp aðalatriði nógildandi laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, nr. 51 1976, en þessir tveir skólar hafa starfað á grundvelli þeirra laga. Gert er ráð fyrir að skólanefndir starfi við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands, en í stað sveitarfélaga í öðrum framhaldsskólum skuli eignaraðilar tilnefna aðra skólanefndarmenn en þann sem menntamálaráðherra skipar. Ekki er fastákveðið í þessari frumvarpsgrein hversu margir skuli skipa skólanefndir þessara tveggja skóla.

Um 38. gr.

Með þessu ákvæði er sett inn hliðstætt heimildarákvæði varðandi einkaskóla og er í lögum um grunnskóla.

Um 39. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 40. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 41. gr.

Í þessari grein eru talin upp lög sem lagt er til að falli úr gildi við gildistöku þessara laga, m.a. nokkur lög um sérskóla á framhaldsskólastigi. Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að setja skuli reglugerð um sérskóla. Þá er og ítrekað það sem fjallað er um í 1. gr. þessa frumvarps að einstakar skólastofnanir geti borið sérstakt nafn t.d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki þótt sérlög sem nú gilda um þá skóla verði felld úr gildi.

Athygli skal vakin á því að lagt er til að lög um Hjúkrunarskóla Íslands falli úr gildi, en sá skóli hefur hætt störfum og hjúkrunarnámið færst á háskólastig. Enn fremur er lagt til að lög um hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann falli úr gildi og er eðlilegt að kennsla sú, sem þar hefur farið fram, færist til Háskóla Íslands.

Ekki er lagt hér til að fella úr gildi lög um Íþróttakennaraskóla Íslands. Hann brautskráir nú nemendur með hliðstæð réttindi og Kennaraháskóli Íslands og nauðsynlegt virðist að endurskoða lög um þann skóla og fella þau að lögum um Kennaraháskóla Íslands.

Lagt er til að lög um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands falli úr gildi, enda hefur skólinn ekki tekið inn nemendur síðustu árin. Nauðsynlegt er hins vegar að fella hússtjórnarkennaranám inn í nám við Kennaraháskóla Íslands.

Eins og fram kemur í umsögnum um upphaflega gerð frumvarpsins er álitamál hve langt eigi að ganga í því að fella úr gildi lög um sérskóla. Nokkir sérskólar gegna alveg sérstöku og afmörkuðu hlutverki, sem fellur illa að skipulagi almennra framhaldsskóla, auk þess sem sumir þeirra veita menntun, er liggur að nokkru ofan framhaldsskólástigsins. Því er ekki lagt til að felld séu úr gildi lög um eftirtalda skóla: Fósturskóla Íslands, Ljósmaðraskóla Íslands, Þroskaþjálfaskóla Íslands, Leiklistarskóla Íslands, Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Stýrimannaskólann í Reykjavík, Vélskóla Íslands og Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði. Hins vegar er nauðsynlegt að endurskoða lög um þessa skóla og afmarka starfssvið þeirra í samræmi við lög um framhaldsskóla. Menntamálaráðuneytið hefur þegar sett af stað endurskoðun laga um Fósturskóla Íslands, Leiklistarskóla Íslands og Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Í janúar 1986 var skipaður starfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins og sjávarútvegsráðuneytisins til að athuga grundvöll að stofnun sjávarútvegsskóla er taki til náms þess sem nú er veitt í Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Vélskóla Íslands og Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði. Starfshópurinn hefur nú skilað álitargerð um málið og er hún til athugunar hjá ráðuneytunum.

Samkvæmt lögum nr. 55/1974, um skólakerfi, skiptist skólakerfið í þrjú stig, þ.e. grunnskólastig, framhaldsskólástig og háskólastig. Þessi skipting er að sumu leyti óheppileg þar sem hún ýtir undir það að reynt sé að skilgreina nám annaðhvort á framhaldsskólástigi eða háskólastigi. Hins vegar er ljóst að ýmsar námsbrautir tilheyra hvorugu stiginu einvörðungu, heldur liggja bæði á framhaldsskólástigi og háskólastigi. Dæmi um þetta er t.d. Tækniskóli Íslands og vissar brautir á sviði iðn- og tæknináms, listnám o.fl. Skólar sem starfa á sviði búnaðarfræðslu falla í þennan flokk. Sumir þeirra starfa bæði á framhaldsskólástigi og á háskólastigi. Stjórn þessara skóla fellur undir landbúnaðarráðuneytið. Af þessum ástæðum m.a. er ekki lagt til að lög um búnaðarfræðslu og Garðyrkjuskóla ríkisins verði felld niður.

Hér er um að ræða svið innan skólakerfisins sem ekki hefur verið hugað nægilega að til þessa, en ýmislegt bendir til að nauðsynlegt sé að efla, m.a. með tilliti til undirbúnings vegna sérhæfðra starfa í atvinnulífinu. Það kæmi því til greina að skipta skólakerfinu í fjögur stig í stað þriggja, þ.e. grunnskólastig, framhaldsskólástig, sérskólástig og háskólastig. Sérskólástig lægi að hluta til á framhaldsskólástigi og að hluta á háskólastigi. Á sérskólástigi væru skólar sem veittu sérhæfða menntun og þjálfun til undirbúnings starfa í atvinnulífinu og gerðu að inntökuskilyrði eins til þriggja ára almennt nám í framhaldsskóla. Slíkt fyrirkomulag er alþekkt erlendis en hér hefur þetta ekki verið skilgreint sem afmarkaður hluti skólakerfisins. Miðað við þessa skiptingu væri ekki rétt að fella lög um sérskóla úr gildi og frumvarp það sem hér liggur fyrir myndi þá aðeins taka til iðnfræðslu og almenns framhaldsnáms. Þetta mál þarfnast þó meiri undirbúnings og er því ekki lagt til að farið verði inn á þessa braut að sinni.

Um 42. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Helstu breytingar á frumvarpi til laga um framhaldsskóla frá þeirri gerð sem lögð var fram á 109. löggjafarþingi vorið 1987.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Greininni er breytt þannig að staflíðir a, b og c eru felldir niður og starfandi menntaskólar ekki taldir upp sérstaklega heldur aðeins þær tegundir skóla sem undir lögin falla. Menntaskólarnir hafa ekki slíka sérstöðu meðal framhaldsskólanna að ástæða sé til að nafngreina þá í lögum.

Þá er gert ráð fyrir að reglugerð verði sett um skóla sem starfa samkvæmt lögnum.

Ákvæði til bráðabirgða um heimild til að framlengja leyfi til rekstrar framhaldsdeilda grunnskóla er fellt inn í greinina.

Framhaldsdeildir grunnskóla hafa starfað frá árinu 1969 og gegnt veigamiklu hlutverki hvað varðar framhaldsnám í dreifbýli. Enda þótt þeim hafi fækkað á síðustu árum, aðallega vegna fjölgunar fjölbrautaskóla, munu þær enn um sinn hafa hlutverki að gegna og því eðlilegt að rekstur þeirra eigi sér stoð í lögum.

II. KAFLI

Hlutverk.

2. gr.

Skilgreining á hlutverki framhaldsskóla er gerð nokkru fyllri en hún var og er það í samræmi við framkomnar athugasemdir, einkum frá kennslumálanefnd Háskóla Íslands.

III. KAFLI

Stofnun og bygging framhaldsskóla.

3. gr.

Um 1. mgr. Bætt er inn í málsgreinina hverjir geti haft frumkvæði að stofnun framhaldsskóla.

Um 2. mgr. Gerð er orðalagsbreyting á upphafi málsgreinarinnar en ekki er um að ræða neina efnisbreytingu.

Um 4. mgr. Felld er niður tilvitnun í staflíði 1. gr. vegna breytinga sem á henni hafa verið gerðar og tekið er fram að greiðsluhlutfall miðist við áætlaðan byggingarkostnað samkvæmt viðmiðunarreglum. Bætt er inn ákvæði um heimild ráðuneytis til að semja um aðra kostnaðaraðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða.

Um 7. mgr. Bætt er inn ákvæði þess efnis að komi til umframkostnaðar við byggingu heimavistarhúsnæðis vegna fyrirhugaðs gistihúsareksturs skuli samið um skiptingu hans sérstaklega milli byggingaraðila.

4. gr.

Greinin er óbreytt.

IV. KAFLI

Stjórnun.

5. gr.

Bætt er inn ákvæði um að ráðuneytið annast ráðgjöf um þróunarstörf er snerta framhaldsskóla.

6. gr.

Hér er um að ræða nýja grein.

7. gr., áður 6. gr.

Greininni hefur verið breytt nokkuð. Lagt er til að í skólanefndum sitji þrjú til fimm menn í stað þriggja áður. Fjöldi skólanefndarmanna ákvarðast af skólategund og fjölda rekstraraðila. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið nánar á um skipan skólanefnda. Þá er lagt til að skipunartími þeirra verði fjögur ár og gildi það um formann sem og aðra nefndarmenn. Breytingar þessar eru gerðar vegna mjög ákveðinna athugasemda frá umsagnaraðilum.

8. gr., áður 7. gr.

Bætt er inn í 1. mgr. því ákvæði að skólameistari eigi hlut að mörkun stefnu í skólahaldi ásamt skólanefnd.

Þá er lagt til að skólanefnd ásamt skólameistara undirbúi tillögur til fjárlaga ár hvert, en ekki er gert ráð fyrir aðild skólameistara í fyrra frumvarpi.

Fellð eru niður ákvæði um að ráðstöfun gjalda, sem nemendum sé gert að greiða, séu háð samþykki skólanefndar.

9. gr., áður 8. gr.

Gerðar hafa verið nokkrar orðalagsbreytingar á greininni.

10. gr., áður 9. gr.

Greinin er óbreytt.

11. gr., áður 10. gr.

Greinin er óbreytt.

V. KAFLI

Starfslið.

12. gr., áður 11. gr.

Bætt er inn í greinina ákvæði þess efnis að heimilt sé að fela ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla að annast hliðstæða þjónustu fyrir framhaldsskóla.

Þá er bætt við greinina setningunni: Leita skal staðfestingar Menntamálaráðuneytis hafi kennari ekki kennsluréttindi.

13. gr., áður 12. gr.

Við greinina er bætt ákvæði þess efnis að menntamálaráðuneytið setji skólameisturum erindisbréf og að skólanefnd setji reglur um störf annars starfsfólks.

14. gr., áður 13. gr.

Greinin er óbreytt.

15. gr., áður 14. gr.

Lagt er til að gerð verði breyting á 3. mgr. Þar sem heilsuverndin fer fram undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnar er eðlilegt að hún fari fram í samráði og samstarfi við skólameistara en ekki undir hans stjórn eins og segir í greininni.

VI. KAFLI

Inntökuskilyrði.

16. gr., áður 15. gr.

Lagt er til að orðin „eiga rétt á að hefja“ komi í stað orðanna „geta hafið“. Eins og setningin var orðuð tryggði hún ekki að allir þeir sem fullnægðu skilyrðum til inngöngu í framhaldsskóla gætu hafið þar nám.

Þá er bætt inn orðunum „að fullnægðum kröfum um starfsþjálfun þar sem hennar er krafist“.

Einnig er gert ráð fyrir að nemandi, sem orðinn er 18 ára gamall, geti hafið nám í framhaldsskóla án þess að fullnægja inntökuskilyrðum samkvæmt þessari grein, nema að því er varðar starfsþjálfun þannig að um er að ræða almennan rétt þeirra nemenda sem hér eiga hlut að máli, en ekki undanþágu sem skólanefnd veitir.

Þá er tekið inn ákvæði um að inntaka nemenda sé á ábyrgð skólameistara, en ekki í höndum skólaráðs eins og áður var.

VII. KAFLI

Námsskipan.

17. gr., áður 16. gr.

Felld er niður setningin „Hver námsbraut skal eftir föngum skipulögð þannig að unnt sé að ljúka þar mislöngu námi“. Það sem setningin segir felst í skilgreiningu brautarinnar sbr. fyrstu málsgrein greinarinnar.

Þá er 18. gr. fyrra frumvarps felld niður og henni bætt við þessa grein, enda er hún eðlilegt framhald af 16. gr.

18. gr., áður 17. gr.

Greinin er óbreytt.

19. gr., áður 19. gr.

Skilgreining á einingu er tekin út og gert ráð fyrir að hún verði skilgreind í námsskrá. Þetta er í samræmi við athugasemdir, enda er unnið að breytingum á núverandi einingakerfi.

20. gr., áður 20. gr.

Greinin er óbreytt.

21. gr., áður 21. gr.

Greinin er óbreytt.

Áður 22. gr.

Greinin, sem fjallar um einingafjölda til stúdentsprófs, er felld niður.

22. gr., áður 23. gr.

Greinin er óbreytt.

23. gr., áður 24. gr.

Í fyrri hluta greinarinnar eru gerðar lítils háttar orðalagsbreytingar en ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Síðari hluta greinarinnar er breytt þannig að það sé ekki ófrávíkjanlegt að sömu menn gegni störfum formanns og ritara í öllum nefndunum þar sem slíkt gæti reynst erfitt í framkvæmd.

24. gr., áður 25. gr.

Greinin er óbreytt.

25. gr., áður 26. gr.

Greinin er óbreytt.

26. gr., áður 27. gr.

Greininni er breytt þannig að nú er lagt til að átta menn skipi fræðsluráð sjávarútvegsins í stað ellefu áður. Fækkunin stafar af því að gert er ráð fyrir að nokkrir tilnefningaraðilar tilnefni fulltrúa sameiginlega og félagið Fiskidn tilnefnir ekki fulltrúa í ráðið eins og áður var.

27. gr.

Ný grein.

28. gr., áður 28. gr.

Greinin er óbreytt.

29. gr., áður 29. gr.

Greinin er óbreytt.

30. gr., áður 30. gr.

Skotið er inn í greinina orðunum „... og nauðsynlegur búnaður ...“

31. gr., áður 31. gr.

Lagt er til að felld verði niður ákvæði um fjölda kennslu- og prófdaga en kveðið á um að árlegur starfstími framhaldsskóla skuli eigi vera skemmri en níu mánuðir.

VIII. KAFLI

Rekstur framhaldsskóla.

32. gr., áður 32. gr.

Efnislegar breytingar eru nánast engar, en hins vegar er á nokkrum stöðum breytt orðalagi til þess að gera greinina skýrari.

- a. Því er slegið föstu að hver skóli skuli hafa sérgreinda fjárveitingu.
- b. Hér er felld niður skilgreining á „nemanda í fullu námi“, en vísað til 34. gr. í því sambandi.
- c. Skilgreining á launakostnaði er gerð ítarlegri.
- d. Breytt er orðalagi um rekstrarkostnað og vísað til 33. gr. um kostnaðarpáttöku nemenda.

33. gr., áður 33. gr.

Hér er skotið inn ítarlegri ákvæðum um kostnaðarpáttöku nemenda bæði hvað varðar heimavistir og fleira og vísað í því sambandi til 8. gr. þar sem skólanefnd er falið að ákveða upphæð innritunar- og efnisgjalda.

34. gr., áður 34. gr.
- a. Bætt er inn í greinina ákvæði um rekstrarframlög til skóla, en það fólst áður efnislega í 32. gr.
 - b. Ekki er skilgreint nákvæmlega hvað telst nemandi í fullu námi, en gert ráð fyrir að ákvæði þar um verði sett í reglugerð.

IX. KAFLI

Fullorðinsfræðsla og endurmenntun.

35. gr., áður 35. gr.
- Greinin er óbreytt.
36. gr., áður 36. gr.
- Greinin er óbreytt.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

37. gr., áður 37. gr.
- Greinin er óbreytt.
38. gr., áður 38. gr.
- Greinin er óbreytt.
39. gr., áður 39. gr.
- Greinin er óbreytt.
40. gr.
- Ný grein.

XI. KAFLI

Lög sem úr gildi falla og gildistökuákvæði.

41. gr., áður 40. gr.

Lagt er til að lög um Fósturskóla Íslands, Leiklistarskóla Íslands, Ljósmeðraskóla Íslands, Þjálfunarskóla Íslands, Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði, Stýrimannaskólann í Reykjavík og Vélskóla Íslands verði ekki felld úr gildi þar sem þessir skólar gegna mjög sérhæfðu hlutverki.

42. gr., áður 41. gr.
- Greinin er óbreytt.